

Fimmtudaginn 13. mars 1997.

Nr. 255/1996.

Kærunefnd jafnréttismála

f. h. Guðrúnar Erlu Ólafsdóttur

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.,

Ásgeir Magnússon hdl.) **og**

Ríkisútvarpinu

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Jafnrétti. Launakrafa. Kjarasamningar.

Ráðningarsamningur. Sönnunarbyrði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júlí 1996. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 733.263 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1995 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Íslenska ríkið krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að dómkröfur áfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Stefndi Ríkisútvarpið krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram, gegndi Guðrún Erla Ólafsdóttir starfi útsendingarstjóra hjá Ríkisútvarpi-sjónvarpi frá 15. apríl 1991 til 21. ágúst 1995 og skipti vöktum með öðrum útsendingarstjóra, Valdimar Gísli Valdimarsyni, á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Þá voru aðeins þessir tveir útsendingarstjórar í starfi hjá Ríkisútvarpi-sjónvarpi. Guðrún Erla

er með próf í fjölmiðlafræðum með myndbandagerð sem sérgrein og var í stéttarfélaginu Útgarði, félagi háskólamanna, og tók laun samkvæmt kjarasamningi Útgarðs við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Valdimar Gísli er rafeindavirki að mennt og þá laun samkvæmt kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, og voru grunnlaun hans talsvert hærri en laun Guðrúnar Erlu. Ágreiningslaust er í málinu, að báðir útsendingarstjórnir fullnægðu faglegum kröfum til starfsins og að um nákvæmlega sama starf var að ræða. Launamunurinn stafaði af ólíkum ráðningarsamningum, sem byggðust á mismunandi kjarasamningum. Óumdeilt er, að ekki var gerður greinarmunur á kynjum við gerð kjarasamninganna.

Báðir útsendingarstjórnir völdu það stéttarfélag, sem samrýmdist best menntun þeirra með hliðsjón af launakjörum. Fram er komið, að Guðrún Erla hefði ekki náð sömu grunnlaunum og samstarfsmaður hennar með því að gerast félagi í Rafiðnaðarsambandinu, þar sem menntun hennar yrði þá ekki metin til launa til jafns við hans menntun.

Í ráðningarsamningum Guðrúnar Erlu var Útgarður tilgreindur sem stéttarfélag hennar og tekið fram, að um laun hennar færi samkvæmt launaflokki nr. 144. Í febrúar 1992 kvartaði Guðrún Erla við yfirmenn sína vegna þess, að samstarfsmaður hennar fékk greidd talsvert hærri laun en hún, þótt um sama starf væri að ræða. Hinn 29. september 1992 var samþykkt tveggja launaflokka hækkun afturvirkta frá 1. mars 1992. Breyting, sem gerð var á kjarasamningi Útgarðs við fjármálaráðherra í mars 1995, hafði þau áhrif, að Guðrúnu Erlu var skipað í launaflokk nr. 147 frá 1. maí 1995. Þrátt fyrir þessar hækkanir var samstarfsmaður hennar með hærri laun.

II.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skulu konum og körlum greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þar er kveðið á um, að með launum sé átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun, beina eða óbeina, hvort heldur sé með hlunnindagreiðslum eða öðrum hætti, og sagt, að með kjörum sé átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur

samningsréttindi. Þá er þar einnig tekið fram, að með jöfnum launum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf sé átt við launataxta, sem samið er um, án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum. Samkvæmt 6. gr. laganna er atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildir það meðal annars um laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu. Framangreind ákvæði eru í samræmi við 2. mgr. 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 3. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995.

Á grundvelli laga nr. 2/1993 er Ísland aðili að Evrópska efnahags-svæðinu. Samkvæmt 3. gr. þeirra laga á að skýra lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur, sem á honum byggjast. Samkvæmt 69. gr. samningsins skulu aðildarríkin tryggja, að konur og karlar hljóti jöfn laun fyrir jafna vinnu, en með launum er átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup ásamt öllum öðrum greiðslum, hvort heldur er í fé eða fríðu, sem launþegi fær beint eða óbeint frá vinnuveitanda sínum vegna starfa síns. Framangreind ákvæði í lögum nr. 28/1991 eru í meginatriðum hin sömu og kveðið er á um í 69. gr. EES-samningsins og XVIII. viðauka hans um jafnrétti kynjanna og vinnurétt.

III.

Stefndu halda því fram, að launamunur útsendingarstjóranna stafi einungis af ólíkri stéttarfélagsaðild þeirra og mismunandi kjarasamningum, sem ráðningarsamningar þeirra byggjast á. Stéttarfélög beggja séu opin báðum kynjum, þótt karlar séu í yfirgnæfandi meiri hluta í Rafiðnaðarsambandi Íslands, 97%, en í Útgarði eru konur í litlum meiri hluta, tæp 60%. Ljóst sé, að enginn greinarmunur er gerður á kynjum við gerð hvors kjarasamnings um sig. Stefndi Ríkisútvarpið byggir einnig á því, að samkvæmt ráðningarsamningi Guðrúnar Erlu skyldi leggja kjarasamning Útgarðs til grundvallar kjörum hennar og við það hefði verið staðið í hvívetna. Þá benda stefndu á, að í kjarasamningum sé ekki einungis samið um grunnlaun, heldur einnig um aðra þætti kjara, eins og lífeyris-, orlofs- og veikindarétt. Sé því ekki rétt að taka aðeins mið af launaþættinum, heldur verði að gera heildarsamanburð á öllum kjörum útsend-

ingarstjóranna, til þess að unnt sé að staðhæfa, að Guðrún Erla hafi búið við lakari kjör.

IV.

Eins og lýst er að framan, hvílir sú lagaskylda á atvinnurekendum að sjá til þess, að konur og karlar fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Óumdeilt er, að Guðrún Erla og samstarfsmaður hennar unnu nákvæmlega sama starfið. Bar stefndu því að tryggja það, að hún nyti sambærilegra ráðningarkjara og hinn útsendingarstjórinn. Fram er komið, að grunnlaun hennar voru lægri en hans. Er það rakið til kjarasamninga stéttarféлага, sem vísað var til í hvorum ráðningarsamningi um sig. Ekki hefur verið skýrt í málinu, hvernig ákvörðun launa hafi ráðist af túlkun kjarasamninganna, sem höfðu ekki bein ákvæði um þetta starf, og launakjör útsendingarstjóranna hafa ekki verið borin saman að öðru leyti. Stefndu hafa betri aðstæður til að gera samanburð á kjörum þeirra og gera grein fyrir samhengi í launasamningum ríkisins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum stendur það þeim nær að sýna fram á það, að hlutlægar ástæður hafi ráðið launamuninum. Það hafa þeir ekki gert, en mismunandi kjarasamningar geta ekki einir sér réttlætt launamun kvenna og karla. Er því fallist á það með áfrýjanda, að stefndu hafi brotið gegn 1. mgr. 4. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 28/1991, og séu skaðabótaskyldir samkvæmt 22. gr. laganna.

Tekin verður til greina krafa áfrýjanda um bætur vegna þess mismunar, sem var á grunnlaunum Guðrúnar Erlu og samstarfsmannsins frá 1. mars 1992 til 1. ágúst 1995, 233.263 krónur, með vöxtum eins og í dómsorði greinir, en fjárhæðin hefur ekki sætt tölulegum andmælum af hálfu stefndu. Ekki þykja efni til að dæma sérstakar miskabætur.

Stefndu greiði áfrýjanda málskostnað in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Stefndu, íslenska ríkið og Ríkisútvarpið, greiði Guðrúnu Erlu Ólafsdóttur 233.263 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. ágúst 1995 til greiðsludags.

Stefndu greiði in solidum áfrýjanda, kærunefnd jafnréttismála, 500.000 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 11. apríl sl., var höfðað með stefnu, birtri 15. júní 1995, af kærunefnd jafnréttismála, kt. 660691-2009, Laugavegi 13, Reykjavík, fyrir hönd Guðrúnar Erlu Ólafsdóttur, kt. 060564-7019, Lindargötu 58, Reykjavík, gegn fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og Ríkisútvarpinu, kt. 540269-5729, Efstaleiti 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði Guðrúnu Erlu Ólafsdóttur in solidum skaðabætur, að fjárhæð 733.263 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 1. ágúst 1995 til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól stefnufjárhæðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1996. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar in solidum samkvæmt mati dómsins auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að tildæmdur verði málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins. Til vara gerir hann þær kröfur, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Dómkröfur stefnda Ríkisútvarpsins eru, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að skaðlausu. Til vara er krafist lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

II.

Málavextir eru þeir, að Guðrún Erla Ólafsdóttir starfaði sem útsendingarstjóri hjá Ríkisútvarpi-sjónvarpi og skipti vöktum með öðrum útsendingarstjóra, Valdimar Gísla Valdimarssyni. Hefur Guðrún Erla próf í fjölmiðlafræðum með myndbandagerð sem sérgrein og er í stéttarfélaginu Útgarði, félagi háskólamanna, sem er aðili að BHMR, og tekur laun samkvæmt kjarasamningi Útgarðs við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs frá 21. mars 1987, sbr. breytingar og framlengingu á samningnum frá 18. maí 1989, sbr. samkomulag um breytingu og framlengingu á samningnum frá 26. febrúar 1993, og var henni raðað í 147. launaflokk, 5. þrep, frá og með 1. maí 1995.

Samstarfsmaður Guðrúnar Erlu, Valdimar Gísli, er rafeindavirki að mennt og þá laun samkvæmt kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs frá 18. maí 1990. Var honum raðað í 2. launaflokk með 27% stjórnunarálagi og 21% starfsaldursálagi. Fullnægðu báðir aðilar þeim faglegu kröfum, sem gerðar eru til útsendingarstjóra Ríkisútvarps-sjónvarps, og unnu nákvæmlega sama starf, en voru hvort í sínu stéttarfélaginu. Kemur fram í gögnum málsins, að Guðrún Erla hafi átt val um aðild að þremur stéttarfélögum, sem gert hafa kjarasamninga við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, en þar er um að ræða Útgarð, sem er félag innan BHMR, Starfsmannafélag Sjónvarps, sem er félag innan BSRB, og Rafiðnaðarsamband Íslands, sem er eitt af aðildarsamböndum Alþýðusambands Íslands.

Guðrún Erla mun hafa kvartað í febrúar 1992 við rekstrarstjóra tækni-deildar Ríkisútvarpsins vegna þess, að samstarfsmaður hennar fengi greidd talsvert hærri laun en hún, þrátt fyrir það að þau ynnu nákvæmlega sömu störf. Starfsnefnd RÚV fékk mál hennar til umfjöllunar, og með bréfi RÚV til fjármálaráðuneytisins, dags. 29. september 1992, var þess óskað, að Guðrún Erla tæki laun samkvæmt launaflokki nr. 146 samkvæmt kjarasamningi, og var sú beiðni sett fram á grundvelli mats starfsnefndar RÚV, sem afgreitt hafði verið í samræmi við reglur um þátttöku sérhæfðra starfsmanna á námskeiðum og framhaldsnámi, sem nýtist í starfi. Var samþykkt hækkun afturvirkta frá 1. mars 1992 að telja. Launaleiðrétting þessi mun hafa farið fram 1. desember 1992, en stefnandi taldi þetta aðeins hafa jafnað launin að litlu leyti.

Með bréfi, dags. 11. nóvember 1992, óskaði Guðrún Erla eftir því við kærunefnd jafnréttismála, að hún kannaði og tæki afstöðu til þess, hvort sá munur, sem væri á launum hennar og samstarfsmanns, bryti gegn ákvæðum jafnréttislaga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með álitserð kærunefndar jafnréttismála í málinu, sem var nr. 17/1992, komst kærunefndin að þeirri niðurstöðu, að ólögmeitt væri að greiða Guðrúnu Erlu lægri laun en samstarfsmanni hennar fyrir sömu vinnu að teknu tilliti til starfsaldurs og að með athæfi sínu hafi Ríkisútvarp-sjónvarp og fjármálaráðuneytið brotið gegn 4. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 6. gr. jafnréttislaga nr. 28/1991. Í niðurlagi álitserðarinnar var þeim tilmælum beint til fjármálaráðuneytisins, að Guðrún Erla fengi launaleiðréttingu í samræmi við niðurstöðu kærunefndar.

Með bréfi starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins til kærunefndar jafnréttismála, dags. 31. ágúst 1994, hafnaði ráðuneytið þeim tilmælum kærunefndar, sem komu fram í fyrrnefndri álitserð.

III.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla kveður stefnandi það afdráttarlausa skyldu launagreiðanda að greiða konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og jafnframt að veita þeim hin sömu kjör að öllu leyti. Hvers kyns mismunun starfsfólks eftir kynferði sé fortakslaust bönnuð, og taki bannið m. a. til launa, launatengdra fríðinda og hvers konar annarrar þóknunar fyrir vinnu, sbr. 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Kveður stefnandi, að í jöfnum launum fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf felist, að karlar og konur skuli njóta sömu grunnlauna og jafnra kjara að öðru leyti fyrir störf sín, en í því felist, að reikningslegur grunnur launa skuli vera hinn sami. Sé óumdeilt, að Guðrún Erla og samstarfsmaður hennar, Valdimar Gísli, gegni bæði stöðu útsendingarstjóra hjá Ríkisútvarpi-sjónvarpi og að hún fullnægi öllum þeim faglegu kröfum, sem gerðar séu til starfsins, til jafns við samstarfsmanninn. Aðra eiginleika en þá, sem sérstaklega sé krafist til að gegna starfinu, sé óheimilt að leggja til grundvallar, þegar starfsmenn séu metnir til launa. Guðrún Erla og samstarfsmaður hennar séu hvort í sínu stéttarfélagi og fái greidd laun eftir kjarasamningi hvors félags við fjármálaráðherra. Hvort stéttarfélag meti einstaka félagsmenn sína til launa eftir fyrir fram ákveðnum reglum kjarasamnings þess við launagreiðanda. Launataxtar Útgarðs séu lægri en taxtar RSÍ, sem sé dæmigert karlafélag, og stafi launamismunun Guðrúnar Erlu eingöngu af ólíkum töxtum kjarasamninga. Geti Guðrún Erla því ekki náð sömu grunnlaunum og samstarfsmaður hennar með því að gerast félagi í RSÍ, þar sem hún kæmist ekki herra en í 1. launaflokk vegna ákvæða kjarasamningsins. Menntun samstarfsmanns hennar sem rafeindavirkja sé metin til launa í kjarasamningnum, en menntun Guðrúnar Erlu í fjölmiðlafræðum og myndbandagerð yrði í engu metin til launa.

Kveður stefnandi, að 1. tl. 1. mgr. 6. gr. jafnréttislaga banni skilyrðislaust hvers konar launalega mismunun kynjanna, sbr. 4. gr. sömu laga. Eigi Guðrún Erla því skýlausan rétt til að njóta sömu launa og samstarfsmaður hennar auk sambærilegra kjara að öðru leyti. Ólík ákvæði kjarasamninga geti aldrei réttlætt launalega mismunun, enda gangi slík tilhögun þvert gegn ótvíráðu ákvæði jafnréttislaga. Kjarasamningar geymi aðeins ákvæði um lágmarkslaun fyrir ákveðin störf. Óheimilt sé að semja um lægri laun en kjarasamningur kveði á um, en ekkert sé því til fyrirstöðu að semja um hærri laun. Skýra verði kjarasamning Útgarðs við stefndu til samræmis við jafnréttislögin á þann hátt, að ekki megi greiða Guðrúnu Erlu lægri laun en samstarfsmaður hennar njóti, og því verði að greiða henni ábót á lágmarks-

taxta kjarasamningsins, sem mismuninum nemi. Samstarfsmaður hennar af gagnstæðu kyni njóti hærri launa vegna ákvæða kjarasamnings síns félags, og eigi hún rétt á að hækka í launum til jafns við hann.

Með álitsgerð kærunefndar jafnréttismála í málinu nr. 17/1992 komist kærunefndin að þeirri niðurstöðu, að með því að greiða Guðrúnu Erlu lægri grunnlaun en samstarfsmanni hennar hafi stefndu brotið gegn 4. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991, m. a. með vísan til túlkunar dómstóls ESB á 119. gr. Rómarsáttmálans um jafnrétti kvenna og karla.

Verði að túlka inntak 4. gr., sbr. 1. tl. 1. mgr. 6. gr. jafnréttislaga, í samræmi við réttarþróun á hinu evrópska efnahagssvæði, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993. Ákvæði 69. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið skyldi aðildarríkin til að tryggja, að konur og karlar njóti sömu launa fyrir sömu störf. Þar sem 69. gr. samningsins sé efnislega á sömu leið og 119. gr. Rómarsamningsins, verði að telja, að dómar ESB-dómstólsins gildi fyrir túlkun inntaks 69. gr. EES-samningsins, sbr. 6. gr. samningsins. Í málinu nr. C-172/92: Dr. Enderby gegn Frenchay Health Authority o. fl. frá 27. október 1993 taldi dómstóll ESB, að mismunandi launataxtar kjarasamninga gætu ekki réttlætt launalega mismunun karla og kvenna. Verði að túlka fyrrnefnd ákvæði jafnréttislaga með hliðsjón af niðurstöðu dómsins, enda sé íslenska ríkinu skylt að beita samræmdri túlkun til að tryggja einsleitni á hinu evrópska efnahagssvæði, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993.

Eigi Guðrún Erla rétt á að standa utan félaga og ef hún hefði samið einstaklega við launagreiðandann, hefði það talist skýlaust brot á jafnréttislögum að semja um lægri laun henni til handa en samstarfsmaður hennar njóti. Telja verði, að ekki megi meta Guðrúnu Erlu það til réttarspjalla, að þriðji aðili hafi samið um kaup og kjör við launagreiðandann. Guðrún Erla geti ekki afsalað sér réttindum samkvæmt jafnréttislögum með einstaklingsbundnum samningum, og á sama hátt verði að telja, að réttindum verði ekki afsalað með óbeinum hætti fyrir milligöngu þriðja aðila við samningsgerð.

Ólíkir launataxtar og hækkunarreglur einstakra kjarasamninga séu eingöngu tæknileg atriði, sem stefndu verði að leysa innbyrðis til að fullnægja skyldu sinni samkvæmt jafnréttislögum. Það að greiða Guðrúnu Erlu sömu grunnlaun og samstarfsmanni sé auðvelt í framkvæmd og aðeins spurning um tæknilega útfærslu í launaútreikningi. Ef mismunandi félagsaðild geti réttlætt launalega mismunun eftir kynferði, sé grundvöllur jafnréttislaga algerlega brostinn og í andstöðu við skuldbindingar Íslands, hvort sem er á alþjóða- eða Evrópuvettvangi. Ef stefndu geti komist upp með að greiða konum og körlum misjöfn laun fyrir sömu störf vegna mismunandi félagsaðildar, sé við haldið ólögmatu ástandi.

Samkvæmt 1. ml. 22. gr. jafnréttislaga beri stefndu að bæta Guðrúnu Erlu það fjárhagslega tjón, sem hún hafi orðið fyrir vegna launalegrar mismununar. Frá 2. mars 1992 hafi Guðrún Erla þurft að sæta viðtöku lægri launa en henni hafi með réttu borið þrátt fyrir ítrekaða beiðni um leiðréttingu. Beri stefndu af þeim sökum að greiða henni að fullu þann mun, sem verið hafi á grunnlaunum hennar og samstarfsmannsins, frá 1. mars 1992 til 1. ágúst 1995 in solidum. Hafi stefndu með broti á jafnréttislögum valdið Guðrúnu Erlu verulegum óþægindum og hneisu í tæp fjögur ár, og beri þeim því að greiða henni miskabætur samkvæmt 2. ml. 22. gr. jafnréttislaga in solidum.

Kröfugerð.

Kröfur stefnanda um skaðabætur til handa Guðrúnu Erlu sundurliðast þannig:

1. Bætur fyrir fjárhagslegt tjón 233.263 kr., sem eru mismunur á grunnlaunum Guðrúnar Erlu og samstarfsmanns hennar.

2. Bætur fyrir ófjárhagslegt tjón vegna verulegra óþæginda og hneisu í tæp fjögur ár, og telur stefnandi það hæfilega metið til 500.000 kr.

Kröfur sínar um sömu grunnlaun til handa Guðrúnu Erlu og samstarfsmaður hennar nýtur, styður stefnandi við lög nr. 28/1991, einkum 1. gr., 4. gr. og 6. gr., lög um evrópskt efnahagssvæði nr. 2/1993, einkum 2. og 3. gr. og 69. gr. samningsins. Kröfur um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón og fjárhagslegt tjón styður stefnandi við 22. gr. laga nr. 28/1991 og kröfur um vexti við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 og lög nr. 9/1989. Kröfur um málskostnað reisir hann á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, og kröfur um virðisaukaskatt á málskostnað styður hann við lög nr. 50/1988, en þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sinni og stefnandi ekki virðisaukaskattsskyldur, sé honum nauðsyn að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

IV.

Stefndi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins telur, að í 3. mgr. 4. gr. jafnréttislaga segi, að með jöfnum launum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf sé átt við launataxta, sem samið sé um, án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum. Sé ljóst, að við gerð kjarasamninga Rafiðnaðarsambands Íslands (RSÍ) og Útgarðs við fjármálaráðherra hafi ekki verið gerður greinarmunur á kynjum, en á það hafi stefnandi fallist. Þess vegna sé því mótmælt, að órökstudd fullyrðing stefnanda um, að RSÍ sé „dæmigert karlafélag“, geti haft þýðingu við úrlausn málsins. Hvorki RSÍ né Útgarður setji kynferði sem skilyrði fyrir félagsaðild. Mismunur á launum Guðrúnar Erlu og Valdimars Gísla eigi því eingöngu rætur að rekja til mis-

munandi stéttarfélagsaðildar þeirra og ólíkra kjarasamninga, sem ráðningarsamningar þeirra taki mið af, svo og ólíkrar menntunar til þess starfs, sem þau höfðu með höndum. Í því sambandi beri einnig á það að líta, að starfið sé iðngrein.

Stefnandi hafi komist að þeirri niðurstöðu í áliti sínu nr. 17/1992, að mismunur í launum, sem eingöngu verði rakin til ólíkrar stéttarfélagsaðildar, sé brot á jafnréttislögum, sbr. 4. gr. og 1. tl. 1. mgr. 6. greinar þeirra. Þessari niðurstöðu sé eindregið mótmælt sem rangri. Stefnandi hafi með þessari niðurstöðu ekki gætt að þeim fyrirvara, sem jafnréttislögin kveði sjálf á um í 3. mgr. 4. gr., en tilgangur þess ákvæðis sé augljóslega sá, að unnt sé að kveða á um kaup og kjör í almennum kjarasamningum og að ekki sé með jafnréttislögum stefnt að afnámi sammingsréttar stéttarfélaga.

Með niðurstöðu sinni hafi stefnandi því í raun vegið og metið tvo ólíka kjarasamninga, en ekki tvo einstaklinga af gagnstæðu kyni. Sé fullljóst, að ef menntun og stéttarfélagsaðild Guðrúnar Erlu og Valdimars Gísla hefði verið öfugt farið, hefði launamunur milli þeirra verið á hinn veginn af þeim ástæðum, en ekki vegna ólíks kynferðis. Einnig sé það óhrekjanleg staðreynd, að launamunur hefði verið hinn sami, ef tveir útsendingarstjórar af sama kyni hefðu verið í sporum þeirra Guðrúnar Erlu og Valdimars Gísla. Niðurstaða stefnanda stafi því ekki aðeins af rangri túlkun jafnréttislaga, heldur sé hún beinlínis andstæð ákvæði 3. mgr. 4. gr. laganna. Hvernig sem á málið verði litið, sé ljóst, að hlutlægar ástæður aðrar en mismunandi kynferði, urðu þess valdandi, að Guðrún Erla hafði lægri grunnlaun en Valdimar Gísli.

Sakarefni málsins snúist því raunverulega um það, hvort lögmæt heimild fjármálaráðherra til að gera ólíka kjarasamninga við mismunandi stéttarfélög víki í öllum tilvikum fyrir jafnréttislögum. Ef fallist yrði á málatilbúnað stefnanda, hefði það augljóslega í för með sér, að annaðhvort væri aðeins heimilt að semja í einu lagi við alla ríkisstarfsmenn, þannig, að ólík menntun eða eðli starfans mætti ekki hafa þar áhrif, eða semja yrði um öll ráðningarkjör við hvern og einn starfsmann. Í hinu síðarnefnda tilviki yrði í hvert sinn, er nýr starfsmaður væri ráðinn, að tilgreina í ráðningarsamningi hvernig færi um grunnlaun, yfirvinnuprósentu, lífeyrisgreiðslur, veikindarétt, laun í barnsburðarleyfi, orlofsrétt og önnur ráðningarkjör. Grundvöllur kjarasamninga þeirra stéttarfélaga, sem semji við ríkið, væri því brostinn, og stéttarfélög myndu sæta verulegum takmörkunum á sammingsrétti sínum. Ljóst sé, að jafnréttislögin sjálf miði alls ekki að því að útrýma sammingsrétti stéttarfélaga.

Til stuðnings túlkun sinni á jafnréttislögum hafi stefnandi vísað til réttar-

þróunar á hinu evrópska efnahagssvæði, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið og 69. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Vísi hann einnig til niðurstöðu dómstóls Evrópubandalagsins í málinu nr. C-127/92: Dr. Enderby gegn the Frenchay Health Authority frá 27. október 1993, en af henni megi ráða, að ólíkir launataxtar geti ekki réttlætt launalega mismunun karla og kvenna. Þessu sé mótmælt. Margir dómar hafi fallið um skýringu á 119. gr. Rómarsáttmálans. Þær hlutlægu ástæður, sem ráðið hafi launamun þeim, sem um er deilt í málinu, séu í fullu samræmi við ákvæði jafnréttislaga svo og ákvæði 69. gr. samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Þótt niðurstöður ESB-dómstólsins um skýringu á 119. gr. Rómarsáttmálans gætu haft áhrif á skýringu 69. gr. EES-samningsins, sé sérstök áhersla á það lögð, að túlkun stefnanda á dómi ESB-dómstólsins í svokölluðu Enderby-máli fái alls ekki staðist, enda séu málsatvik þar með öðrum hætti en stefnandi hafi lagt til grundvallar túlkun sinni á dóminum.

Stefnandi haldi því fram, að ólíkir launataxtar og hækkunarreglur einstakra kjarasamninga séu einungis tæknileg atriði, sem stefndu verði að leysa innbyrðis til að uppfylla skyldu sína samkvæmt jafnréttislögum. Þessari túlkun stefnanda á jafnréttislögum í máli Guðrúnar Erlu er mótmælt. Engin heimild sé fyrir fjármálaráðherra til að víkja frá ákvæðum ráðningarsamnings og kjarasamnings á þann hátt að miða aðeins launaþátt ákveðins starfsmanns við annan kjarasamning á grundvelli mismunandi kynferðis. Þá sé ekki raunhæft að miða einungis við launamun við mat á því, hvort Guðrún Erla eða Valdimar Gísli beri meira úr bótum samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga sinna. Í því efni sé á það bent, að stéttarfélag Valdimars, Félag rafeindavirkja, sem sé aðili að RSÍ, geri kjarasamninga við fjármálaráðherra samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Valdimar hafi því ekki fallið undir lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Sé því vafasamt að einblína á launaþáttinn við samanburð á kjörum þeirra.

Til stuðnings varakröfu heldur stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkisins því fram, að stefnandi hafi í engu sýnt fram á miska Guðrúnar Erlu. Verði ekki á það fallist, sé á það bent, að miskabótakrafan sé allt of há og órökstudd. Til stuðnings kröfum um málskostnað vísar hann til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi Ríkisútvarpið reisir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt ráðningarsamningi Guðrúnar Erlu skyldi leggja kjarasamning Útgard's (BHMR) til grundvallar ráðningarkjörum. Við þá ráðningarskilmála hafi verið staðið í hvívetna. Mótmæli stefndi Ríkisútvarpið því, að ráðningarkjör Guðrúnar Erlu feli í sér brot á þeim ákvæðum jafnréttislaga nr. 28/1991, sem tilfærð séu í stefnu.

Það, sem vegi þyngst, sé, að kynferði sé hvorki áhrifavaldur gagnvart launum samkvæmt kjarasamningi rafiðnaðarmanna né samkvæmt kjarasamningi Útgarðs. Sami mismunur hefði verið á kjörum, ef samstarfsmaðurinn hefði verið kona. Sami munur hefði einnig verið á, hefðu karlar gegnt báðum þessum störfum á sömu forsendum og Guðrún Erla og samstarfsmaður hennar.

Stefnandi rökstyðji brot á jafnréttislögum með vísan til þess, að það ákvæði jafnréttislaga, sem skýri boð laganna um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, þýði, „að reikningslegur grunnur launa skuli vera sá sami“. Þessi lögskýring fái ekki staðist og rúmist ekki innan vébanda þess ákvæðis laganna, sem vísað sé til, 3. mgr. 4. gr.

Reikningslegur grunnur launa samkvæmt ólíkum kjarasamningum, sem hvorugur geri greinarmun eftir kynjum, geti ekki talist renna stoðum undir þau sjónarmið stefnanda, að stefndu hafi gerst sekir um brot á jafnréttislögum. Ákvæði jafnréttislaga séu sett starfsmönnum af báðum kynjum til hagsbóta. Starfsmenn af báðum kynjum eigi rétt til samanburðar við hitt kynið á grundvelli ákvæða þeirra.

Evrópudómstóllinn hafi á síðustu árum kveðið upp nokkra dóma, sem varði skýringar á 119. gr. Rómarsáttmálans um jafnrétti karla og kvenna. Þeim ályktunum, sem stefnandi dragi af úrlausn Evrópudómstólsins, sé mótmælt, enda fái þær ekki staðist. Séu málsatvik ekki sambærileg, þar sem sama stéttarfélagið hafi gert báða þá samninga, sem deilt hafi verið um í því máli, og fleira komi til.

Staðfestingu á sjónarmiðum stefnanda kveður stefndi Ríkisútvarpið leiða til þess, að samstarfsmaður Guðrúnar Erlu í Rafiðnaðarsambandinu myndi geta fengið sér dæmd lífeyrisréttindi, réttindi til launa í veikindaforföllum, réttindi til fyrirframgreiðslu mánaðarlauna, sambærileg henni, hvað sem ákvæði kjarasamninga, ráðningarsamnings og laga annars segi til um, eða hver þau önnur kjör í ráðningarsamningi Guðrúnar Erlu, sem séu umfram hans. Af slíku leiði óþolandi réttaróvissu, sem stríði gegn því meginsjónarmiði samningsréttar, að gerða samninga skuli halda.

Þegar ráðningarsamningar séu annars vegar, sæti samningsfrelsið takmörkunum, sem felist í því, að ráðningarsamningurinn megí ekki hljóða um lakari kjör en hlutaðeigandi kjarasamningur kveði á um. Það sé heimilt og verði að telja heimilt að láta ráðningarkjör ráðast af tilteknum kjarasamningi, sem á annað borð fullnægi sem slíkur skilyrðum jafnréttislaga, og það geri sá kjarasamningur Útgarðs, sem ráðningarkjör Guðrúnar Erlu hafi grundvallast á. Geti ráðningarkjör stefnanda því ekki talist fela í sér brot á ákvæðum jafnréttislaga. Af því leiðir, að hvorki eru skilyrði til skaðabóta

né miskabóta. Byggist þetta á því, að þær málsástæður, sem stefndi Ríkisútvarpið færi fram, feli í sér hlutlæga réttlætingu þess, að grunnlaun Guðrúnar Erlu og samstarfsmanns hennar hafi ekki verið hin sömu. Áhersluatriðin séu eftirtalin:

- a) Laun Guðrúnar Erlu hafi verið ákveðin samkvæmt ráðningarsamningi á grundvelli kjarasamnings án tillits til kynferðis.
- b) Guðrún Erla hafi átt val um kjarasamning.
- c) Einstök kjaraatriði séu mismunandi eftir kjarasamningum. Í þeim séu misjafnar áherslur á einstaka þætti kjaraatriða.
- d) Í málinu sé ekki um að ræða samanburð á störfum, sem samkvæmt venju hafi fremur verið unnin af konum en körlum.
- e) Ef fallist yrði á þau sjónarmið, sem að baki kröfugerð stefnanda búi, yrði körlum búinn kröfuréttur, sem ekkert komi jafnrétti við, en raski lögformlegum samningsumboðum á vinnumarkaði.

Kjarasamningur Útgarðs (BHMR) og aðildarfélaga Rafiðnaðarsambandsins (ASÍ) styðjist hvor við sína sjálfstæðu lagaheimild. Annars vegar sé um að ræða lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og hins vegar lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ríkisútvarpið eigi ekki aðild að þessum kjarasamningum, en það geri hins vegar ráðningarsamninga á grundvelli þeirra.

Verði ekki fallist á framangreindar sýknuástæður, byggir Ríkisútvarpið á því, að þar sem dómkrofur stefnanda séu reistar á því, að ákvæði kjarasamnings Útgarðs standist ekki ákvæði jafnréttislaga, leiði aðildarskortur til sýknu, enda sé því ekki haldið fram, að ákvæði í ráðningarsamningi stefnanda hafi brotið gegn ákvæðum kjarasamningsins.

Varakröfu sína styður stefndi Ríkisútvarpið því, að verði á annað borð fallist á skilyrði miskabóta, krefjist hann lækkunar.

V.

Meginágreiningsefni máls þessa lýtur að því, hvort það sé brot á ákvæðum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla að gera mismunandi ráðningarsamninga, sem byggist á ólíkum kjarasamningum, við starfsmenn, sem vinna sömu störf hjá sama vinnuveitanda.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 28/1991 skulu konum og körlum greidd jöfn laun, og þau skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Með launum í lögunum er átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun, beina eða óbeina, hvort sem er með hlunnindagreiðslum eða öðrum hætti, sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hans. Þar segir jafnframt, að með jöfnum launum karla og

kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf sé í lögum þessum átt við launataxta, sem samið sé um, án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum, og með kjörum í lögunum sé átt við lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hvers konar önnur samningsréttindi.

Ekki er um það deilt í málinu, að Guðrún Erla og samstarfsmaður hennar, Valdimar Gísli, unnu jafnverðmæt og sambærileg störf, þar sem þau skiptu með sér vöktum við vinnu í sama starfinu. Enn fremur liggur fyrir í málinu, að Guðrún Erla gat valið um að minnsta kosti þrjú stéttarfélag, þegar hún hóf störf hjá RÚV. Sem félagi í Rafiðnaðarsambandinu hefði hún þó notið lakari kjara en Valdimar Gísli, þar sem hún hafði annars konar menntun. Sömuleiðis hafði samstarfsmaður hennar val um stéttarfélag. Ekki er annað vitað en þau Guðrún Erla og Valdimar Gísli hafi bæði valið það stéttarfélag, sem samrýmdist best menntun þeirra með hliðsjón af launakjörum. Þá er og rétt að taka fram, að kjarasamningar eru gild heimild. Gildi þeirra verður ekki raskað af þeirri ástæðu einni, að þeir leiði til ólíkra launakjara félagsmanna mismunandi stéttarfélaga, nema því aðeins að jafnframt sé unnt að sýna fram á, að í þeim felist brot á ákvæðum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Stéttarfélag þau, sem Guðrún Erla og Valdimar Gísli völdu sér aðild að, hafa gert kjarasamninga við fjármálaráðherra um launataxta og önnur launakjör, án þess þó að greinarmunur sé gerður á kynjum. Félagin standa opin jafnt konum sem körlum. Konur eru nokkru fleiri félagsmenn í Útgarði en karlar, en ekki er ljóst, hvernig þessu er háttað í Rafiðnaðarsambandinu.

Í máli þessu hafa einungis verið borin saman grunnlaun umræddra tveggja starfsmanna, og hefur sá samanburður leitt í ljós, að Valdimar Gísli hafi haft á því tímabili, sem hér er fjallað um, 233.263 kr. hærri laun en Guðrún Erla. Enginn samanburður hefur verið gerður á öðrum þáttum kjara eins og lífeyrisréttindum, orlofi og þess háttar réttindum, og heildar-samanburður á kjörum hefur ekki heldur verið gerður. Af þeirri ástæðu hefur ekki verið sýnt fram á það á ótvíræðan hátt, að starfskjör Guðrúnar Erlu séu, þegar á allt er litið, lakari en Valdimars Gísla.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður að telja, að ekkert hafi komið fram í málinu, sem gefi haldbæra vísbendingu um, að umrædd stéttarfélag starfi með þeim hætti eða séu þannig byggð upp formlega eða raunverulega, að ástæða sé til að ætla, að aðild að þeim geti leitt til kynja-bundins mismunar á kjörum fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf. Dómurinn telur enn fremur, að þessi niðurstaða sé í fullu samræmi við þær þjóð-réttarlegu skuldbindingar, sem Íslendingar hafa gengist undir.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, telst það ekki brot á lögum nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, að Guðrún Erla hafði ekki sömu grunnlaun og samstarfsmaður hennar, Valdimar Gísli, og verða stefndu því sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili um sig beri sinn kostnað af máli þessu.

Dóminn kveða upp Greta Baldursdóttir, settur héraðsdómari, Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari og Stefán Már Stefánsson prófessor.

D ó m s o r ð:

Stefndu, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og Ríkisútvarpið, skulu sýknir af kröfum stefnanda, kærunefndar jafnréttismála fyrir hönd Guðrúnar Erlu Ólafsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.
